

L Ö G

114

27. nóv.

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðar-
samþykktir í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó er ráðherra heimilt að veita styrk til að kaupa notaðar vélar, sem ekki hefur áður verið veittur styrkur til, ef verkfærakaupanefnd telur það nauðsynlegt og hagkvæmt til þess að bæta úr brýnni þörf ræktunarsambanda. Skal þá miða styrkinn við verð, er verkfæranefndin telur hæfilegt eftir aldri og ásigkomulagi vélarinnar, miðað við verð nýrra véla af sömu gerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

L Ö G

115

8. ágúst

um breyting á lögum nr. 28 frá 14. apríl 1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum
árið 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „af benzíni“ í 1. gr. a. laganna komi: öðru en flugvélabenzíni.

2. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að endurgreiða gjald það, er um ræðir í 1. gr., af þeim birgðum, sem eru í vörzlum einstaklinga eða félaga, er lög þessi taka gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.